

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartún 26

105 Reykjavík

Sent í gegn um samráðsgátt

Reykjavík 10.05.2024

Umsögn Landverndar um tillögur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að skilvirkari leyfisveitingum á sviði umhverfis- og orkumála á Íslandi.

Landvernd varar sterklega við því að ráðist verði í aðgerðir til að einfalda og stytta afgreiðslutíma leyfisveitinga með það markmið eitt í huga að flýta orkuframkvæmdum.

- Markmiðið er að einfalda og stytta afgreiðslutíma og tryggja um leið gæði og gagnsæi þessara ferla. Leyfisveitingar sem varða orkumál eru í fyrsta forgangi

Fallegt er það markmið að tryggja gæði og gagnsæi ferla, en umdeildar stórfamkvæmdir verða hvorki skilvirkari né óumdeildari með kollvörpun regluverks og sameiningu stofnana, sem oftast þýðir veikari faglega umgjörð og minna eftirlit. Þvert á móti eykur slík kollvörpun og asi við afgreiðslu hættu á harðvítugum deilum og málaferlum og sárum í samfélagi sem seint gróa. Eins og dæmin sanna.

Mikilvægasta aðgerð sem Landvernd getur hugsað sér til að bæta skilvirkni við leyfisveitingar er að hækka þröskuldinn á því hvaða framkvæmdatillögur og hugmyndir eru teknar til skoðunar hjá leyfisveitendum. Of mikið er um að óraunhæfir kostir komist inn í slík ferli. Ef gerðar væru faglegar kröfur um vandaðri undirbúning framkvæmdahugmynda áður en þær eru teknar til meðferðar opinberra aðila myndi skilvirknin aukast. Rammaáætlun er gott dæmi um alltof umfangsmikla meðferð á of víðtækum og margvíslegum virkjanahugmyndum sem ekki eiga erindi inn í neina skoðun opinberra aðila, af því þær eru ekki tilbúnar, ekki raunhæfar og jafnvel engin eftirspurn eftir þeim heldur.

Góð forgangsröðun verkefna inn í leyfisveitingaferli er því fyrsta tillaga Landverndar. Önnur tillaga er að stytta sumarleyfitíma leyfisveitenda en alltof mörg dæmi eru um tafir á afgreiðslu vegna sumarleyfa í miklu lengri tíma en sem nemur lögbundnum leyfum.



Þarna er mikið að sækja, einkum fyrir fólk sem sækist eftir leyfum til minni framkvæmda en lenda í óþarfa bið vegna lélegs skipulags sumarleyfa á stofnunum sem kostar þá gjarnan heilt framkvæmdaár.

Fram hafa komið hugmyndir um að leggja niður rammaáætlun til að flýta leyfisveitingum í grænni orku til að ná lögboðnum loftslagsmarkmiðum. Landvernd sér ekki að flýting framkvæmda bjargi loftslagsmarkmiðunum á nokkurn hátt, meðan orku er ekki forgangsraðað til orkuskipta, loftslagsaðgerðir sem hægt er að ráðast í strax hljóta ekki brautargengi og einblínt er á öflun grænnar orku sem töfralausnar í loftslagsmálum þótt orkan sé seld í eitthvað allt annað.

Landvernd telur ekki ástæðu til að kollvarpa ferlum eingöngu til að geta keyrt framkvæmdir hratt í gegn. Rammaáætlun er ekki heilög kýr í huga Landverndar og hefur reynst misjafnlega, aðallega af því að þingmenn kunna ekki með hana að fara af því deilur í þjóðfélaginu endurvarpast inn í þingsali. Það er hinsvegar ódýr lausn að henda því stjórnþæki sem þjóðin kom sér saman um að nota, af því hún kann ekki á það. Best væri að fara yfir þá ferla sem við nú nýtumst við, finna á þeim veikleikana og bæta þá. Ef skipta á alveg um ferla, þarf að smíða nýja trúverðug stjórnþæki sem allir hagaðilar eru sáttir við áður en þeim gömlu er hent. Landvernd vill gjarnan taka þátt í þeirri vinnu.

Að lokum skal minnt á Árósasáttmálann, sem því miður er ekki alltaf ofarlega í huga stjórnvalda þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar. Landvernd telur hættumerki vera uppi í samfélaginu hvað varðar samráð við almenning í umhverfismálum. Landsmenn hafa samkvæmt samningnum skýlausan rétt til þess að hafa áhrif í málum sem varða umhverfið, hvort sem er með því að á upplýsingar, gera athugasemdir eða leita endurskoðunar ákvarðana sem þeir telja ekki standast lög. Mikilvægt er að við mögulega endurskoðun ferla, verði í engu gengið á þennan rétt almennings. Miklir möguleikar eru í því að auka skilvirkni og gagnsæi í samskiptum við almennings. Þannig mætti upplýsingaflæði til almennings, með því að bjóða áskrift að vinnuferlum meðan á þeim stendur, senda áminningar um umsagnir til þeirra sem hafa látið sig mál varða á fyrri stigum, halda vel kynnta fundi á öllum stigum máls og í það heila vinna mál frá upphafi í samvinnu við almenning á svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Landvernd leggst gegn því að frestir sem snúa að almenningi séu styttnir, þar sem fólk þarf oftast nær að setja sig inn í áætlaðar framkvæmdir í frítíma sínum. Allt sem takmarkar aðgengi almennings að ákvarðanatöku brýtur í bága við Árósasáttmálann en honum þarf að fylgja betur eftir hér á landi en hingað til hefur verið gert.

Fyrir hönd Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Formaður

